

Reykjavík 4.11.2016

Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri Garðabæjar

Sæll Gunnar,

Þakka þér fyrir gott samtal í síma í dag varðandi skýrsluna Fólkið í skugganum, sem kom út í gær. Okkur þykir miður að í skýrslunni skuli vera haft eftir ónafngreindum starfsmanni Reykjavíkurborgar að Garðabær eigi íbúðir í Reykjavík sem það láni fólki til að það öðlist heimilisfesti þar. Eins og þú útskýrðir þá er þetta rangt og á því ekki heima í skýrslunni.

Við munum í framhaldinu taka þessa tilvitnun út og biðjumst afsökunar á því að hún skuli hafa ratað í skýrsluna.

Ég vil þakka þér fyrir að benda okkur á þetta og vona að við munum áfram eiga samleið í því að vinna að bættu samfélagi.

Bestu kveðjur,



Þórir Guðmundsson
forstöðumaður Rauða krossins í Reykjavík